

## ÁKVÖRDUN RÁÐSINS

2003/EES/57/30

frá 23. október 2001

## um að koma á bandalagskerfi til að stuðla að auknu samstarfi við hjálparaðgerðir á sviði almannavarna (\*)

(2001/792/EB, KBE)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 308. gr., og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu, einkum 203. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar <sup>(4)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þrátt fyrir að aðgerðir bandalagsins til framkvæmdar ályktun ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins, frá 8. júlí 1991 um að bæta gagnkvæma aðstoð aðildarríkjanna komi til náttúruhamfara eða við vá af völdum tæknibilunar <sup>(5)</sup> hafi stuðlað að vernd fólks, umhverfis og eigna riður nú á að tryggja enn frekari vernd komi til náttúruhamfara, tæknibilunar, neyðarástands af völdum geislavirkni eða umhverfisslysa, þ.m.t. mengunarslysa í sjó, jafnt innan sem utan Evrópusambandsins og að herða ákvæði ályktunarinnar.
- 2) Samningur efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UN/EBE) um áhrif iðnaðarslysa yfir landamæri, sem hefur að geyma ákvæði um málefni

eins og forvarnir, neyðarviðbúnað, upplýsingar til almennings og þátttöku hans, tilkynningarkerfi vegna iðnaðarslysa, viðbrögð og gagnkvæma aðstoð, öðlaðist gildi 19. apríl 2000. Bandalagið samþykkti samninginn með ákvörðun ráðsins 98/685/EB <sup>(6)</sup>.

- 3) Kerfi til að efla samstarf við hjálparaðgerðir á sviði almannavarna gæti komið til viðbótar núverandi aðgerðaáætlun bandalagsins á sviði almannavarna <sup>(7)</sup> með því að hafa aðstoð til reiðu komi til meiri háttar neyðarástands sem kann að krefjast skjótra viðbragða. Þannig yrði auðveldara að kalla til hjálparlið, sérfræðinga og aðrar bjargir eftir þörfum með efldu skipulagi almannavarna innan bandalagsins, með vöktunar- og upplýsingamiðstöð og sameiginlegu neyðarboðskipta- og -upplýsingakerfi. Það myndi einnig skapa möguleika á að afla staðfestra upplýsinga varðandi neyðarástand, dreifa þeim upplýsingum til aðildarríkjanna og miðla fenginni reynslu af aðgerðum.
- 4) Með slíku kerfi yrði tekið tilhlýðilegt tillit til viðeigandi löggjafar bandalagsins og alþjóðlegra skuldbindinga. Ákvörðun þessi ætti því ekki að hafa áhrif á gagnkvæm réttindi og skuldbindingar aðildarríkjanna samkvæmt tvíhliða eða marghliða samningum sem tengjast þeim málefnum sem ákvörðun þessi tekur til.
- 5) Forvarnarstarf er mikilvægur þáttur í vernd gegn náttúruhamförum, vá af völdum tæknibilunar og umhverfisslysum og brýnt er að íhugaðar séu frekari aðgerðir.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 297, 15.11.2001, bls. 7, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2002 frá 27. september 2002 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta félssins. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 61, 12.12.2002, bls. 30.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 29 E, 30.1.2001, bls. 287.

<sup>(2)</sup> Álití var skilað 14. júní 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 139, 11.5.2001, bls. 27.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB C 253, 12.9.2001, bls. 17.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB C 198, 27.7.1991, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 326, 3.12.1998, bls. 1.

<sup>(7)</sup> Ákvörðun ráðsins 1999/847/EB frá 9. desember 1999 um að innleiða aðgerðaáætlun bandalagsins á sviði almannavarna (Stjtið. EB L 327, 21.12.1999, bls. 53).

- 6) Komi til meiri háttar neyðarástands innan bandalagsins eða yfirvofandi hættu á slíku ástandi, sem hefur eða gæti haft áhrif yfir landamæri eða leitt til hjálparbeiðni frá fleiri en einu aðildarríki, þarf að tilkynna það á viðeigandi hátt í gegnum ákveðið, áreiðanlegt og sameiginlegt neyðarboðskipta- og -upplýsingakerfi.
- 7) Gera ber undirbúningsráðstafanir, jafnt á vettvangi aðildarríkjanna sem bandalagsins, til að kalla megi fljótt út hjálparlið í neyðartilvikum og samhæfa það með tilheyrandi sveigjanleika og tryggja, með þjálfunaráætlun, skilvirk viðbrögð mats- og/eða samhfingarsveita, hjálparliðs og annarra bjarga og að þessar einingar bæti hver aðra upp, eins og við á. Á meðal annarra undirbúningsráðstafana er samnýting upplýsinga sem tengjast nauðsynlegri sjúkraaöstoð og hvatning til notkunar nýrrar tækni.
- 8) Í samræmi við dreifræðisregluna myndi kerfi innan bandalagsins vera virðisaukandi með því að styðja og koma til viðbótar stefnu aðildarríkjanna á sviði gagnkvæmrar hjálpar við almannavarnir. Sé viðbúnaður aðildarríkis, sem leggur fram beiðni, ekki nægilegur til að geta, með tiltækum björgum, brugðist rétt við meiri háttar neyðarástandi gæti það ríki bætt viðbúnað sinn með því að leita til slíks bandalagskerfis.
- 9) Kerfið myndi gera kleift að setja í gang og greiða fyrir samhfingingu hjálparaðgerða og stuðla þannig að því að tryggja betri vernd, einkum fólks en einnig umhverfis og eigna, þ.m.t. menningararfleifðar, og fækka þannig dauðsföllum og draga úr meiðslum, eignatjóni, efnahagstjóni og umhverfisspjöllum og gera markmiðin um félagslega samheldni og samstöðu áþreifanlegri.
- 10) Einangruð og afskekkt svæði og fleiri svæði innan bandalagsins hafa oft ýmis séreinkenni og þarfir sökum legu sinnar, staðháta og félagslegra og efnahagslegra aðstæðna. Þetta skapar erfiðleika, hindrar dreifingu hjálparliðs og bjarga, gerir erfitt um vik að flytja þangað björgunarsveitir og búnað og skapar sérþarfir fyrir hjálp þegar bráð hætta er á meiri háttar neyðarástandi. Slíkt kerfi innan bandalagsins myndi einnig gera kleift að bregðast betur við aðstæðum og fullnægja slíkum þörfum.
- 11) Að því er varðar hjálparaðgerðir á sviði almannavarna utan bandalagsins mætti beita kerfinu sem verkfæri til að greiða fyrir og styðja við aðgerðir sem bandalagið og aðildarríkin takast á hendur, hvor aðili á sínu valdssviði.
- 12) Slíkt kerfi innan bandalagsins gæti einnig, við aðstæður sem enn hafa ekki verið skilgreindar, þjónað sem verkfæri til að auðvelda og styðja áfallastjórnun eins og um getur í V. bálki sáttmálans um Evrópusambandið.
- 13) Hjálparaðgerðum skal annaðhvort stjórnað sjálfstætt eða sem hluta af aðgerð undir stjórn alþjóðastofnunar, en í því tilviki ber bandalaginu að efla tengsl sín við viðkomandi almennar og svæðisbundnar alþjóðastofnanir.
- 14) Þátttaka í slíku kerfi skal vera opin umsóknarlöndum.
- 15) Þörf er á að auka gegnsæi og steypa saman og styrkja hinar ýmsu aðgerðir á sviði almannavarna, sem fyrir eru, með markmið sáttmálans í huga.
- 16) Samþykking ber nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari ákvörðun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið<sup>(1)</sup>.
- 17) Það að nota sömu nefnd fyrir þetta bandalagskerfi og fyrir aðgerðaráætlun bandalagsins á sviði almannavarna sem fyrir er ætti að tryggja samræmi og fyllingu við framkvæmd kerfisins.
- 18) Í stofnssáttmála Evrópubandalagsins og sáttmálanum um stofnun Kjarnorkubandalags Evrópu er ekki gert ráð fyrir öðrum heimildum vegna samþykktar þessarar ákvörðunar en þeim sem um getur í 308. grein annars vegar og 203. gr. hins vegar.

## SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*I. gr.*

- Hér með er komið á fót kerfi innan bandalagsins til að auðvelda auknið samstarf milli bandalagsins og aðildarríkjanna í hjálparaðgerðum á sviði almannavarna ef kemur til meiri háttar neyðarástands eða yfirvofandi hættu á því sem kann að krefjast skjótra viðbragða (hér á eftir kallað „kerfið“).
- Kerfinu er ætlað að tryggja betri vernd, einkum fólks en einnig umhverfis og eigna, þ.m.t. menningararfleifðar, komi til meiri háttar neyðarástands, svo sem af völdum náttúruhamfara, tæknibilunar, geislavirkni eða umhverfisslysa, sem eiga sér stað innan eða utan bandalagsins, þ.m.t. mengunarslys í sjó eins og kveðið er á um í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2850/2000/EB frá 20. desember 2000 um að setja ramma um samstarf innan bandalagsins varðandi viljandi eða óviljandi mengun sjávar<sup>(2)</sup>.

Kerfið hefur ekki áhrif á skuldbindingar samkvæmt núgildandi, viðeigandi lögum Evrópubandalagsins eða Kjarnorkubandalags Evrópu eða gildandi alþjóðasamningum.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 332, 28.12.2000, bls. 1.

Meginmarkmið kerfisins er að veita aðstoð, sé þess óskað, komi til slíks neyðarástands og auðvelda og bæta samhæfingu hjálparaðgerða aðildarríkjanna og bandalagsins með tilliti til sérþarfa einangraðra og afskekktara svæða og eyja og annarra svæða og eyja í bandalaginu.

### 3. Kerfið samanstendur af röð þátta og aðgerða, þ.m.t.:

- að skilgreina hvers konar hjálparlið og annar stuðningur við aðgerðir er fyrir hendi í aðildarríkjunum við hjálparaðgerðir, ef neyðarástand skapast,
- að skipuleggja og framkvæma þjálfunaráætlun fyrir hjálparlið, aðra sem aðstoða við aðgerðir og sérfræðinga í mats- og/eða samhæfingarsveitum,
- málstofum, umræðuhópum og tilraunaverkefnum um meginþætti aðgerða,
- að setja saman og, eftir þörfum, senda af stað mats- og/eða samhæfingarsveitir,
- að koma á og reka vöktunar- og upplýsingamiðstöð,
- að koma á og reka sameiginlegt neyðarboðskipta- og upplýsingakerfi,
- öðrum stuðningsaðgerðum, svo sem ráðstöfunum til að auðvelda flutning bjarga við hjálparaðgerðir.

### 2. gr.

1. Skapist meiri háttar neyðarástand innan bandalagsins eða yfirvofandi hætta á slíku ástandi, sem hefur, eða gæti haft, áhrif yfir landamæri eða leitt til hjálparbeiðni frá fleiri en einu aðildarríki skal aðildarríki, þar sem neyðarástand hefur skapast, án tafar tilkynna það:

- a) þeim aðildarríkjum sem neyðarástandið kann að hafa áhrif á, nema tilkynningarskylda samkvæmt viðeigandi löggjöf Evrópubandalagsins eða Kjarnorkubandalags Evrópu eða gildandi alþjóðasamningum hafi þegar verið fullnægt, og
- b) framkvæmdastjórninni, þegar búast má við hjálparbeiðni í gegnum vöktunar- og upplýsingamiðstöðina, til þess að framkvæmdastjórnin geti, eins og við á, tilkynnt það hinum aðildarríkjunum og sett í gang þá þjónustu sem undir hana heyrir.

2. Slík tilkynning skal fara um boðskipta- og upplýsingakerfið eins og við á.

### 3. gr.

Til að tryggja að þau geti brugðist við af skilvirkni komi til meiri háttar neyðarástands skulu aðildarríkin:

- a) innan ramma þeirra þjónustu sem undir þau heyrir, einkum á sviði almannavarna eða annarrar neyðarþjónustu, hafa skilgreint fyrir fram það hjálparlið sem gæti verið til reiðu til slíkra aðgerða eða sem hægt væri að safna saman með mjög stuttum fyrirvara til að senda af stað, yfirleitt innan 12 klukkustunda frá því að hjálparbeiðni berst, að teknu tilliti til þess að samsetning

liðsins skal fara eftir því hvers konar meiri háttar neyðarástand er um að ræða og sérþörfum í viðkomandi tilviki;

- b) velja sérfræðinga sem hægt er að kalla til starfa á vettvangi með mats- og/eða samhæfingarsveitum þegar neyðarástand ríkir;
- c) láta í té viðeigandi, almennar upplýsingar um þessar sveitir og sérfræðinga, sem og um sjúkraaástoð, eins og mælt er fyrir um í e-lið 4. gr., innan sex mánaða frá samþykkt þessarar ákvörðunar og uppfæra þessar upplýsingar tafarlaust ef þörf krefur;
- d) íhuga þann möguleika að láta einnig í té, sé þess óskað, annan stuðning við aðgerðir sem gæti verið tiltækur frá þar til bærum aðilum, svo sem sérhæfðan mannafla, tæki og búnað til að takast á við tiltekna tegund neyðarástands og að leita til frjálsra félagsamtaka og annarra viðeigandi aðila um aðrar bjargarir;
- e) að því er varðar beitingu þessarar ákvörðunar, tilnefna lögbær yfirvöld og tengiliði og tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

### 4. gr.

Til að ná þeim markmiðum og framkvæma þær aðgerðir sem skilgreindar eru í 1. gr. skal framkvæmdastjórnin:

- a) stofna og reka vöktunar- og upplýsingamiðstöð, sem er aðgengileg og fær um að bregðast við þegar í stað allan sólarhringinn og þjóna aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni sem liður í kerfinu;
- b) koma á og reka áreiðanlegt, sameiginlegt neyðarboðskipta- og upplýsingakerfi til að unnt sé að koma á framfæri tilkynningum og miðla upplýsingum milli vöktunar- og upplýsingamiðstöðvarinnar og tengiliða sem aðildarríkin tilnefna í þeim tilgangi;
- c) sjá til þess að hægt sé að kalla út og senda af stað, eins fljótt og hægt er, litlar sveitir sérfræðinga sem bera ábyrgð á:
  - að meta ástandið fyrir aðildarríkin, vöktunar- og upplýsingamiðstöðina og ríkið sem leggur fram beiðni um hjálp,
  - að greiða fyrir samhæfingu hjálparaðgerða á vettvangi, þegar þörf er á, og vera í sambandi við lögbær yfirvöld ríkisins, sem leggur fram beiðni um hjálp, þegar þörf er á og við á;
- d) koma á fót þjálfunaráætlun með það fyrir augum að bæta samhæfingu hjálparaðgerða á sviði almannavarna með því að tryggja að hjálparlið sé samhæft og bæti hvert annað upp, eins og mælt er fyrir um í a-lið 3. gr. eða, eins og við á, annan stuðning við aðgerðir, eins og mælt er fyrir um í b-lið 3. gr. og með því að bæta matshæfi sérfræðinga. Í áætluninni skulu felast sameiginleg námskeið og æfingar og skiptakerfi þar sem hægt er að senda einstaklinga í sveitir í öðrum aðildarríkjum;
- e) samnýta upplýsingar um getu aðildarríkjanna til að halda uppi framleiðslu sermis og bóluefna eða annarrar nauðsynlegrar sjúkraaástoðar og um mögulegar birgðir hjálpargagna, sem kunna að vera fyrir hendi til aðgerða, ef meiri háttar neyðarástand skapast, og setja þær upplýsingar inn í upplýsingakerfið;

- f) semja áætlun sem byggist á fenginni reynslu af aðgerðum innan ramma kerfisins og miðla þeirri reynslu í gegnum upplýsingakerfið;
- g) hvetja til og efla innleiðingu og notkun nýrrar tækni innan kerfisins, þar á meðal fyrir tilkynninga- og viðvörðunarkerfi, upplýsingaskipti, notkun gervihnatta-tækni og aðstoð við ákvarðanatöku þegar um er að ræða viðbrögð við neyðarástandi;
- h) gera ráðstafanir til að auðvelda flutning þjarga þangað sem unnið er að hjálparaðgerðum og öðrum stuðnings-aðgerðum.

5. gr.

1. Ef neyðarástand skapast innan bandalagsins er aðildarríki heimilt að leggja fram beiðni, sem skal vera eins nákvæm og mögulegt er, um hjálp:

- a) frá hinum aðildarríkjunum í gegnum vöktunar- og upplýsingamiðstöðina og skal þá framkvæmdastjórnin, eins og við á og tafarlaust, við móttöku slíkrar beiðni:
  - senda beiðnina áfram til tengiliða hinna aðildarríkjanna,
  - greiða fyrir útkalli sveita og sérfræðinga, svo og öðrum stuðningi við aðgerðir,
  - afla staðfesta upplýsinga varðandi neyðarástand og dreifa þeim til aðildarríkjanna, eða
- b) beint frá hinum aðildarríkjunum.

2. Sérhvert aðildarríki, sem hjálparbeiðni er beint til, skal tafarlaust ákveða hvort það er í aðstöðu til að veita umbeðna hjálp og tilkynna það aðildarríkinu sem leggur fram beiðni, annaðhvort í gegnum vöktunar- og upplýsingamiðstöðina eða beint og því næst, eftir aðstæðum, einnig miðstöðinni og gefa til kynna hversu mikla hjálp það getur lagt fram og með hvaða skilmálum.

3. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni ber ábyrgð á að stýra hjálparaðgerðum. Yfirvöld aðildarríkisins, sem leggur fram beiðnina, skulu setja viðmiðunarreglur og, ef þörf er á, skilgreina mörk þeirra verkefna sem hjálparliði eru falin án þess að gefa nákvæm fyrirmæli um framkvæmd þeirra, en það gerir yfirmaður tilnefndur af aðildarríkinu sem veitir hjálpina.

4. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, getur beðið sveitirnar um að stýra aðgerðinni fyrir sína hönd og skulu sveitirnar, sem aðildarríkin og bandalagið leggja til, þá leitast við að samhæfa aðgerðir sínar.

5. Mats- og/eða samhæfingarsveitinni ber að auðvelda samhæfingu hjálparliðsins og vera í sambandi við lögbær yfirvöld ríkisins sem leggur fram beiðni eins og þörf er á og við á.

6. gr.

Ákvæðum 5. gr. má einnig beita þegar um er að ræða aðgerðir utan bandalagsins sé þess óskað. Slíkum aðgerðum

má annaðhvort stjórna sem sjálfstæðri hjálparaðgerð eða sem hluta af aðgerð undir stjórn alþjóðastofnunar.

Það aðildarríki, sem hefur með höndum formennsku í ráði Evrópusambandsins sér um samhæfingu hjálparaðgerða á sviði almannavarna sem stýrt er innan ramma kerfisins utan bandalagsins.

7. gr.

Eftirtöldum löndum er frjálst að taka þátt í kerfinu:

- umsóknarlöndum í Mið- og Austur-Evrópu í samræmi við skilyrðin í Evrópusamningunum, í viðbótarbókunum við þá og í ákvörðunum viðkomandi samstarfsráða,
- Kýpur, Möltu og Tyrklandi í samræmi við tvíhliða samninga sem verða gerðir við þessi lönd.

8. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal annast aðgerðirnar, sem tengjast kerfinu, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 9. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal einnig, í samræmi við málsmeðferðina í 3. mgr. 9. gr., setja sameiginlegar reglur um eftirfarandi:

- a) tiltækar bjargir fyrir hjálparaðgerðir sem mælt er fyrir um í 3. gr.,
- b) vöktunar- og upplýsingamiðstöðina sem mælt er fyrir um í a-lið 4. gr.;
- c) sameiginlega neyðarboðskipta- og upplýsingakerfið, sem mælt er fyrir um í b-lið 4. gr.;
- d) mats- og/eða samhæfingarsveitirnar, sem mælt er fyrir um í c-lið 4. gr., þ.m.t. viðmiðanir við val á sérfræðingum;
- e) þjálfunaráætlunina, sem mælt er fyrir um í d-lið 4. gr.;
- f) upplýsingar um sjúkraaástoð sem mælt er fyrir um í e-lið 4. gr.;
- g) aðgerðir innan bandalagsins á grundvelli ályktunar frá 8. júlí 1991, svo og aðgerðir utan bandalagsins sem mælt er fyrir um í 6. gr.

9. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem komið var á fót með 1. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/847/EB.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

Fresturinn, sem um getur í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

4. Nefndin setur sér starfsreglur.

*10. gr.*

Framkvæmdastjórnin skal meta framkvæmd ákvörðunar þessarar þriðja hvert ár frá gildistökudegi hennar og senda niðurstöður matsins, ásamt tillögum að breytingum á ákvörðuninni ef einhverjar eru, til Evrópuþingsins og ráðsins.

*11. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. janúar 2002.

*12. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 23. október 2001.

*Fyrir hönd ráðsins,*  
A. NEYTS-UYTTEBROECK  
*forseti.*

---